

## REGLUGERÐ

### um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á nautgripa-, svína-, alifugla- og hreindýrakjöti.

#### 1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðaukum III A og VI A við tollalög númer 55/1987 með síðari breytingum í samræmi við tillögur nefndar skv. 87. gr. laga nr. 99/1993.

#### 2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
<b>Tollnúmer:</b> <i>Nautgripkjöt - Vöruliðir 0202 og 0210:</i>		95.000		
0202.3xxx Kjöt af dýrum af nautgripakyni, fryst - <i>Kjöt af dýrum af nautgripakyni, saltað,</i>	01.07.05 - 30.06.06		0	487
<b>Tollnúmer:</b> <i>þurrkað eða reykt:</i>				
0210.2001 Beinlaust	01.07.05 - 30.06.06		0	297
<b>Tollnúmer:</b> <i>Svinakjöt - vöruliðir 0203 og 0210:</i>		64.000		
0203.29xx Svinakjöt, fryst:	01.07.05 - 30.06.06		0	395
<b>Úr tollnr.:</b> <i>Svinakjöt, saltað, þurrkað eða reykt:</i>				
0210.1200 Slög og sneiðar af þeim, beinlaust	01.07.05 - 30.06.06		0	283
<b>Tollnúmer:</b>				
0210.1901 Reykt - beinlaust	01.07.05 - 30.06.06		0	321
<b>Úr tollnr.:</b>				
0210.1909 Annars - beinlaust	01.07.05 - 30.06.06		0	321
<i>Kjöt af alifuglum - vöruliður 0207: Af hænsnum af tegundinni Gallus domesticus:</i>		59.000		
<b>Úr tollnr.:</b>				
0207.1xxx Af hænsnum, fryst	01.07.05 - 30.06.06		0	145
<b>Úr tollnr.:</b> <i>Af kalkúnnum:</i>				
0207.2xxx Af kalkúnnum, fryst	01.07.05 - 30.06.06		0	199
<b>Úr tollnr.:</b> <i>Af öndum, gæsum eða perluhænsnum:</i>				
0207.3xxx Af öndum, gæsum eða perluhænsnum, fryst	01.07.05 - 30.06.06		0	199
<i>Annað kjöt, fryst - vöruliður 0208:</i>				
<b>Tollnúmer:</b> <i>Hreindýrakjöt</i>				
0208.9007 Beinlaust hreindýrakjöt, fryst	01.07.05 - 30.06.06	ótilgreint	0	459
0208.9008 Hreindýrakjöt með beini, fryst	01.07.05 - 30.06.06	ótilgreint	0	459

Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
<b>Úr tollnr.:</b> 0208.9008	Hreindýrakjöt í heilum og hálfum skrokkum	01.07.05 - 30.06.06	ótilgreint	0
<b>Tollnúmer:</b>	<i>Annað kjöt og ætir hlutar af dýrum, fryst</i>	6.000		
0208.9001	Dúfur	01.07.05 - 30.06.06	0	254
0208.9002	Fasanar	01.07.05 - 30.06.06	0	254
0208.9004	Dádýr	01.07.05 - 30.06.06	0	254
<b>Úr tollnr.:</b> 0208.9009	Annars - Lynghænur og strútar, fryst	01.07.05 - 30.06.06	0	254

Tímabil þau sem tilgreind eru miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgðatollafgreiðslu skal þó miða við dagsetningu hennar.

### 3. gr.

Tollkvótum er úthlutað samkvæmt auglýsingu landbúnaðarráðuneytisins þar sem tilgreindir eru skilmálar vegna úthlutunarinnar. Heimilt er að úthluta tollkvótum í einu lagi eða skipta úthlutun niður á gildistíma reglugerðarinnar. Úthlutun er ekki framseljanleg.

Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt séu ákvæði 10. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, ásamt reglugerð nr. 509/2004, um varnir gegn því að dýrasjúkdómar og sýktar afurðir berist til landsins.

### 4. gr.

Berist umsóknir um meira magn innflutnings en auglýstum tollkvóta nemur hverju sinni, skal leita tilboða í tollkvóta vörunnar. Tilboð skulu ráða úthlutun.

### 5. gr.

Heimilt er að endurúthluta tollkvótum hafi handhafi þeirra ekki sótt heimildabréf fyrir 31. ágúst 2005 eða lagt fram fullnægjandi tryggingu fyrir greiðslu tollkvótans, hafi tilboð ráðið úthlutun. Handhafi tollkvóta á þá ekki endurkröfurétt á ríkissjóð.

### 6. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum skv. 82. gr. laga nr. 99/1993. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

### 7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 65. gr., 65. gr. A og 87. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum. Reglugerðin öðlast þegar gildi og gildir til 1. júlí 2006.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 27. maí 2005.*

F. h. r.  
**Guðmundur B. Helgason.**

---

*Ingibjörg Ólöf Vilhjálmisdóttir.*